

Samtök fiskvinnslu án útgerðar

Kt. 660494-2519, Pósthólf 304, 121 Reykjavík

Sími: 554-4680 Fax: 554-4681

Alþingi

Erindi nr. P/30/2504

komudagur 22.5.2004

Til sjávarútvegsnefndar Alþingis

Stjórn Samtaka fiskvinnslu án útgerðar, SFAÚ hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr.38, 15.maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.

Efni : Málefni sóknardagabáta.

Umsögn: Stjórn SFAÚ lýsir yfir fullri andstöðu við umrætt frumvarp..

Stjórn SFAÚ telur að viðhalda beri sóknardagakerfinu enda um skynsamlegt veiðikerfi að ræða sem reynst hafi vel og sé mörgum kostum búið miðað við aðstæður þessa bátaflokks.

Hinsvegar beri að lögbinda lágmarksfjölda sóknardaga við raunhæft mark, sem geri eigendum þessarra báta fært að lifa af atvinnu sinni .

Um leið yrði horfið frá þeirri fráleitu viðmiðum um aflahlutdeild þessa bátaflokks sem ákvörðuð var á sýnum tíma og engan vegin fær staðist, sérstaklega þar sem bátunum hefur fjölgað mikið síðan.

Auk þess sem að framan er talið eru helstu rök fyrir afstöðu SFAÚ eru þessi:

Veigamesta breytingin á veiðikerfi s.k sóknardagabáta, sem frumvarpið boðar felst í því að útgerðaraðilum þessarra báta er boðið upp á að velja á milli þess að færa sig yfir í aflamarkskerfið og fá úthlutun samkvæmt veiðireynslu síðustu tveggja ára eftir tilteknum reglum, eða vera áfram í sóknardagakerfinu og fá til þess að byrja með (eins áður átti að verða) úhlutað 18 sóknardögum, en búa síðan í óvissu um hvert framhaldið verður. Eða eins og segir í skýringum með frumvarpinu:

” hver sá heildarafli verður (það er þeirra báta sem eftir verða í sóknardagakerfinu) er ekki unnt að áætla fyrir enn fyrir liggur hvaða bátar verða eftir í sóknardagakerfinu á næsta fiskveiðiári.”

Í frumvarpinu felast því alls ekki tveir jafngildir kostir í vali milli kerfa eins og stjórnvöldum væri annars skylt að bjóða samfara slíkum breytingum. Þver á móti felur frumvarpið í sér, ef að lögum verður svo ójafna kosti að jafna má við hreinar þvingunaraðgerðir yfir í aflamarkskerfið. Slíkt er með öllu ótækt.

Stjórn SFAÚ telur að verði frumvarp þetta að lögum, þá muni það ganga að sóknardagadagakerfinu dauðu innan fárra ára og kljúfa samstöðu smábátaeigenda í herðar niður.

Stjórn SFAÚ leyfir sér að beina þeirri áskorun til háttvirtrar Sjávarútvegsnefndar að hafna umræddu frumvarpi.

Kópavogi 22.. maí 2004

Stjórn SFAÚ

Björgvin Hjartana
Karl S. Karlsson

Ólafur Þ. Leifsson
Jon Gunnarsson